

AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum Bændasamtaka Íslands um framlög úr ríkissjóði til stuðnings við lífræna aðlögun í landbúnaði á árinu 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir hér með verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um greiðslu framlaga úr ríkissjóði til stuðnings við lífræna aðlögun í landbúnaði. Reglurnar skulu gilda um greiðslur samkvæmt samningum Bændasamtaka Íslands við íslenska ríkið um framlög úr ríkissjóði til stuðnings við lífræna aðlögun í landbúnaði á árinu 2011. Reglurnar eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 25. mars 2011.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

Fylgiskjal.

Verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um framlög úr ríkissjóði til stuðnings við lífræna aðlögun í landbúnaði.

- 1) Markmiðið með aðlögunarstuðningi við lífræna búskaparhætti er að auka framleiðslu vottaðra lífrænna landbúnaðarafurða, stuðla að sjálfbærri þróun og efla byggð í sveitum.
- 2) Þeir framleiðendur sem hefja lífræna aðlögun, þ.e. upptöku lífrænna aðferða í landbúnaði, á árinu 2011 og síðar, eiga þess kost að sækja um framlög innan þess ramma sem fjárlög heimila ár hvert, til þeirra búgreina sem tilgreindar eru í 5. lið, einnar eða fleiri. Miða skal við að allar tilgreindar upphæðir í 5. lið séu hámarkstölur, hver upphæð að hámarki til fimm ára. Auglýsa skal eftir umsóknum eigi síðar en 1. apríl vegna framleiðslu á því ári.
- 3) Umsóknir teljast ekki fullgildar nema fyrir liggja greinargerð faggildrar vottunarstofu þar sem fram komi eftirfarandi upplýsingar:
 - a) staðfesting þess að umsækjandi hafi undirritað samning við vottunarstofu um reglubundið eftirlit með framleiðslunni samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu, og hvenær síðasta úttekt samkvæmt honum fór fram,
 - b) staðfesting þess að umsækjandi hafi lagt fram og uppfært fullnægjandi áætlun um lífræna aðlögun viðkomandi búgreinar eða búgreina,
 - c) skrá um nytjalönd og stærð þeirra eftir nytjaflökkun, þar með gróðurhús, og upplýsingar um fjölda búfjár eftir tegundum, sem skráð er í lífrænni aðlögun og/eða vottun. Jafnframt skal fylgja staðfesting vottunarstofu á því að upplýsingar styðjist við gilda uppdretti lands og samanburð við gögn Matvælastofnunar um áhöfn á býlinu.

Miða skal við bújörð, hluta bújarðar eða landspildu, þar með gróðurhús, sem viðkomandi nýttar til landbúnaðarframleiðslu. Búrekstrareiningin skal vera með sérstakt virðisaukaskattsnúmer og greiða búnaðargjald af framleiðslunni. Aðeins einn styrkur er greiddur til hvers aðila og aðila sem eru tengdir honum. Tengdir aðilar teljast aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meirihluta hlutafjár í hinum aðilanum eða fer með meirihluta atkvæðisréttar. Bændasamtökum Íslands er heimilt að krefja umsækjanda um sönnun þess að hann standi fyrir ræktun. Ágreining um framangreint skal leggja fyrir stjórn Bændasamtaka Íslands.

- 4) Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi sótt a.m.k. eins dags námskeið, eitt eða fleiri, í þeim búgreinum sem hann ætlar að laga að lífrænum búskaparháttum. Geti umsækjandi ekki uppfyllt þetta skilyrði við umsókn skal honum veitt undanþága til loka fyrsta aðlögunarárs. Miðað er við námskeið sem Bændasamtök Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og viðurkennd vottunarstofa standa að, hver aðili fyrir sig eða sameiginlega.
- 5) Árleg framlög til framleiðenda skulu að hámarki vera sem hér segir:
- a) **Tún, engjar, akurlendi og garðlönd** (hey, vothey, grænfóður, korn, kartöflur, grænmeti o.fl.):
án jarðvinnslu: *kr. 25.000/ha/ár*
með jarðvinnslu (tún, engjar): *kr. 40.000/ha/ár*
með jarðvinnslu, þar með sáðskipti (akurlendi, garðlönd): *kr. 60.000 ha/ár.*
 - b) **Gróðurhús** (grænmeti, ávextir, ber, jurtir, blóm):
kr. 500/m²/ár (hituð), kr. 50/m²/ár (óhituð).
 - c) **Vetrarfóðraðar mjólkurkúr ásamt ásetningskvígum, kálfum og nautum** (mjólk, kjöt, húðir):
kr 40.000/gripur/ár.
 - d) **Vetrarfóðraðar holdakúr ásamt ásetningskvígum og nautum** (kjöt, húðir):
kr. 15.000/gripur/ár.
 - e) **Vetrarfóðraðar ær ásamt ásetningsgimbrum og hrútum** (kjöt, mjólk ull, gætur):
kr. 4.000/gripur/ár.
 - f) **Vetrarfóðraðar geitur ásamt ásetningshuðnum og höfrum** (kjöt, mjólk, ull, stökur):
kr. 3.000/gripur/ár.
 - g) **Vetrarfóðraðar hryssur ásamt ásetningsmerfolöldum og stóðhestum** (kjöt, mjólk, hár, húðir):
kr. 10.000/gripur/ár.
 - h) **Gyltur ásamt göltum og gyltugrisum til viðhalds stofninum** (kjöt, hár):
kr. 6.000/gripur/ár.
 - i) **Hænur ásamt hönum og hænuungum til viðhalds stofninum** (egg, kjöt):
kr. 1.000/fugl/ár.
 - j) **Fyrirvari um hámarksframlög**
Nægi árlegt framlag úr ríkissjóði ekki til úthlutunar, samkvæmt ofangreindum reglum, skulu greiðslur til einstakra framleiðenda skerðast hlutfallslega á þeim umsóknum sem eru umfram fjárhæð kr. 600.000. Verði heildarfjárhæð umsókna þá enn umfram þá fjárhæð sem er til ráðstöfunar, skerðast allar styrkveitingar jafnt.
- 6) Félagssvið Bændasamtaka Íslands annast alla umsýslu við aðlögunarstuðninginn, þar með kynningu og auglýsingar, móttöku og úrvinnslu umsókna og greiðslu framlaga, eftir að árleg greinargerð vottunarstofu liggur fyrir sbr. ákvæð 3. liðar. Greiðslur skulu inntar af hendi eftir lok hvers aðlögunarárs, þ.e. sú fyrsta eftir fyrsta árið. Skýrslu skal skila til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins fyrir 1. desember ár hvert um þau verkefni sem styrkt hafa verið.
- 7) Félagssvið Bændasamtaka Íslands skal kynna verklagsreglur þessar faggildum vottunarstofum sem skulu annast árlega vottun og úttekt, óháð þeirri ráðgjafarþjónustu sem bændasamtökin og búnaðarsamböndin veita.

- 8) Verklagsreglur þessar eru gerðar samkvæmt ákvæðum samninga á milli Bændasamtaka Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um styrk til þróunar lífræns landbúnaðar á Íslandi, þeim fyrsta dags. 4. janúar 2011. Öll framlög samkvæmt samningi þessum eru bundin fyrirvara um heimildir á fjárlögum.

Reykjavík, 22. mars 2011.

F.h. Bændasamtaka Íslands,

Eiríkur Blöndal.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2011